

# Lög Félags lífeindafræðinga

Samþykkt á aðalfundi FL 17.04.2026

## I. KAFLI. HLUTVERK.

### 1. GREIN

Félagið heitir Félag lífeindafræðinga, skammstafað FL. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði er landið allt. Félagið á aðild að BHM (Bandalagi háskólamenntaðra) og sjóðum BHM.

### 2. GREIN

Hlutverk félagsins er:

Að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsfólks. Að gæta hagsmuna og standa vörð um sjálfstæði, réttindi, skyldur, kjör og starfsumhverfi lífeindafræðinga.

Að stuðla að sí- og endurmenntun lífeindafræðinga.

Að stuðla að samstarfi við innlend og erlend fagfélög sem eiga við.

Að tryggja sterkt trúnaðarmannakerfi meðal félagsfólks á vinnustöðum.

Að kynna Félag lífeindafræðinga og fagið út á við.

Að auka kynni félagsfólks meðal annars með fræðslu-, skemmti- og annarri félagsstarfsemi.

## II. KAFLI. AÐILD

### 3. GREIN

Rétt til aðildar að félaginu hafa:

- Þau sem lokið hafa B.Sc. prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi.
- Þau sem lokið hafa námi í lífeindafræði erlendis frá og hafa íslenskt starfsleyfi, eða hafa fengið nám sitt metið sambærilegt skv. tilskildum gildandi reglugerðum (9.gr laga nr. 63/2006).
- Nemar sem lokið hafa eins árs námi í lífeindafræði og eru ráðnir til tímabundinna rannsóknastarfa hafa rétt á aukaaðild. Aukaaðild lífeindafræðinema veitir full félagsleg réttindi að frátöldu kjörgengi.

4. Lífeindafræðingar sem starfa eftir öðrum kjarasamningum en FL eða eru hættir störfum hafa rétt á fagaðild. Fagaðild felur í sér rétt til þátttöku um fagleg málefni stéttarinnar en ekki til ákvarðanatöku um stéttarfélagsleg málefni, svo sem kosningu samninganefndar eða stefnumörkun í kjaramálum.

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og send félaginu rafrænt, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórn félagsins veitir nýjum félögum inngöngu í félagið á stjórnarfundi.

### III. KAFLI. MIÐLUN UPPLÝSINGA

#### 4. GREIN

Stjórn, nefndir og skrifstofa félagsins miðla upplýsingum til félagsfólks með rafrænum hætti. Vefsíða félagsins og tölvupóstur eru megin farvegir fundarboða og annarra upplýsinga sem sendar eru félagsfólki. Einnig nýtir félagið sér samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum til félagsfólks og almennings.

#### 5. GREIN

Félagsfólk er sjálft ábyrgt fyrir því að skráning þess hjá skrifstofu FL sé uppfærð eftir því sem við á. Hægt er að sjá og breyta skráðum upplýsingum félagsfólks á „Mínar síður“ sem er aðgengilegt af heimasíðu félagsins, [www.lifeindafraedingur.is](http://www.lifeindafraedingur.is) („fyrir félagsfólk“).

### IV. KAFLI. AÐALFUNDUR

#### 6. GREIN

Aðalfundur FL fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda í mars-apríl ár hvert.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera að lágmarki eftirtalin mál:

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar kynnt og borin upp til samþykktar.
4. Reikningar félagsins og sjóða á vegum þess, kynntir og bornir upp til samþykktar.
5. Fjárhagsáætlun, ákvörðun um félagsgjald og önnur gjöld ef um það er að ræða. Lagt fram, rætt og borið upp til samþykktar.
6. Lagabreytingar ef einhverjar eru, ræddar og bornar upp til samþykktar.

7. Tilkynningar um breytingar á reglum sjóða FL og staðfesting þeirra sé kveðið á um slíkt í reglum sjóða.
8. Niðurstöður um kosningu formanns kynntar ef við á.
9. Kosning í stjórn FL.
10. Kosning fulltrúa í nefndir og sjóði, og skoðunarfólk reikninga.
11. Önnur mál.

Skrá skal fundargerð og bóka skal sérstaklega allar samþykktir og ákvarðanir fundarins. Fundargerð aðalfundar skal birt á innri vef félagsins ekki seinna en viku eftir fundi og veittur tveggja vikna frestur til athugasemda. Samhliða skal félagsfólki tilkynnt um athugasemdafrest með tölvupósti. Að þeim fresti liðnum telst fundargerð samþykkt og skal hún ásamt athugasemdum birt á vefsvæði félagsins.

## **7. GREIN**

Allt félagsfólk á rétt til setu á aðalfundi. Fundarboð skal sent félagsfólki að lágmarki tveimur vikum fyrir aðalfund með tölvupósti til félagsmanna. Aðalfundarboð skal einnig birta á sama tíma á heimasíðu félagsins. Í aðalfundarboði skal vera:

1. Dagskrá aðalfundar.
2. Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru.
3. Upplýsingar um niðurstöðu formanskjörs ef við á.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

## **V. KAFLI. STJÓRN**

### **8. GREIN**

Stjórn félagsins skipa sjö aðilar. Formaður, sem er jafnframt formaður samninganefnda félagsins, er kosinn með rafrænum hætti að lágmarki fjórum vikum fyrir aðalfund og niðurstaða kosninganna tilkynnt í fundarboði aðalfundar. Aðrir stjórnarmeðlimir eru kosnir á aðalfundi. Kjörtímabil stjórnarmeðlima er tvö ár. Annað hvert ár skal kjósa formann og þrjá stjórnarmeðlimi, en hitt árið þrjá stjórnarmeðlimi.

Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skiptir stjórn félagsins með sér verkum að öðru leyti og tilnefni varaformann, ritara og gjaldkera. Aðrir í stjórn eru meðstjórnendur.

Láti fleiri en tveir stjórnarmeðlimir af störfum og meira en tveir mánuðir eru til aðalfundar, skal boða til félagsfundar með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara til að kjósa nýja stjórnarmeðlimi til sama tíma og þeir sem gengu úr stjórn. Enginn getur átt sæti í stjórn

lengur en átta ár samfelld, hámarkstími aðila í stjórn er 16 ár og formaður skal ekki sitja lengur en átta ár.

## **9. GREIN**

Formaður boðar stjórnarfundir eftir þörfum, almennt mánaðarlega yfir vetrarmánuði. Stjórnarfundur skal einnig boðaður ef tveir stjórnarmeðlimir óska eftir því og skal hann haldinn innan viku frá því að óskin var lögð fram.

## **10. GREIN**

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og samþykktum og er formaður í fyrirsvari fyrir það. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir og stofna sjóði til að vinna að ákveðnum verkefnum.

**10.1** Nefndir og sjóðir starfa á grundvelli laga FL og hlíta eigin starfsreglum sem skulu staðfestar af aðalfundi FL. Kosið skal í nefndir og sjóði á aðalfundi nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Nefndir og sjóðir starfa á ábyrgð FL. Félagið ber fulla og óskorðaða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefnda og sjóða.

Nefndum og sjóðum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar FL.

Nefndum og sjóðsstjórnnum er skylt að skila skýrslu um árlega starfsemi sína fyrir lok febrúar ár hvert. Stjórn FL ber að minna á skýrsluskil fyrir lok janúar ár hvert.

**10.2** Félagsfundur skal halda hvenær sem stjórn félagsins eða formaður þess álitur það nauðsynlegt, svo og ef 10% eða fleira félagsfólk óskar þess skriflega og skal hann haldinn innan tveggja vikna frá því að ósk er lögð fram.

## **VI. KAFLI. SAMNINGANEFNDIR**

### **11. GREIN**

Innan félagsins starfa samninganefndir gagnvart ríki, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og vinnuveitendum á almennum markaði. Hlutverk samninganefnda er að annast samningsgerð fyrir viðkomandi hóp félagsfólks gagnvart vinnuveitendum. Samninganefnd skal bera nýjan kjarasamning undir atkvæðagreiðslu viðkomandi félagsfólks.

**11.1** Formaður og fulltrúar félagsfólks á vinnustöðum skipa saman samstarfsnefndir skv. 11.

gr. kjarasamninga. FL og viðsemjendur kjarasamninga skulu koma sér saman um frekari umgjörð vegna samstarfsnefnda á hverju vinnustað fyrir sig. Hlutverk samstarfsnefnda snýr að gerð og túlkun stofnanasamninga félagsfólks og viðkomandi stofnunar.

## **12. GREIN**

Í hverri samninganefnd skulu eiga sæti formaður FL og tveir til sex fulltrúar félagsfólks. Fyrir 15. október ár hvert skal stjórn félagsins halda fund, svokallaðan haustfund, sem velur samningafólk félagsins gagnvart viðsemjendum þess. Þennan fund skal boða með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara.

## **VII. KAFLI. FJÁRMÁL**

### **13. GREIN**

Félagsgjöld þeirra sem félagið hefur samningarétt fyrir skulu ákveðin sem hlutfall af launum og annast félagið innheimtu þeirra mánaðarlega. Félagsgjöld fagaðila skulu ákveðin sem fast árgjald og ákveður stjórn félagsins hvernig það er innheimt. Lífeyrisþegar greiða ekki félagsgjöld, en hafa réttindi fagaðila.

### **14. GREIN**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu lagðir fram á aðalfundi. Aðalfundur kýs tvo skoðunaraðila reikninga og tvo til vara, til tveggja ára í senn.

## **VIII. KAFLI. SJÓÐIR**

### **15. GREIN**

Sjóðir á vegum félagsins eru: Vísinda- og fræðslusjóður, hvatningasjóður og kjaradeilusjóður.

#### **15.1 Vísinda- og fræðslusjóður.**

Stjórn Vísinda- og fræðslusjóðs skipa gjaldkeri FL og tveir fulltrúar félagfólks sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmeðlimur kosinn það ár sem formaður FL er kosinn, en hinn hitt árið. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

#### **15.2 Hvatningasjóður.**

Stjórn hvatningasjóðs skipa gjaldkeri FL og tveir fulltrúar félagfólks sem kosnir eru á

aðalfundi til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmeðlimur kosinn það ár sem formaður FL er kosinn, en hinn hitt árið. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

### **15.3** Kjaradeilusjóður.

Stjórn kjaradeilusjóðs skal skipuð formanni og gjaldkera FL og þremur fulltrúum félagsfólks sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skal einn fulltrúi kosinn það ár sem formaður FL er kosinn, en tveir hitt árið. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

**15.4** Hætti fulltrúi félagsfólks í stjórn sjóðs á vegum FL áður en kjörtímabili er lokið skal fulltrúi úr stjórn FL stíga inn sem varamaður. Ef meira en ár er eftir af kjörtímabili fulltrúans skal annar aðili kosinn til eins árs í stað tveggja á næsta aðalfundi.

## **IX. KAFLI. Nefndir**

### **16. GREIN**

Nefndir á vegum félagsins eru: Fræðslu- endurmenntunar- og ritnefnd, laganefnd, siða- og samskiptanefnd, og samninganefnd.

#### **16.1** Fræðslu-, endurmenntunar- og ritnefnd.

Fræðslu-, endurmenntunar- og ritnefnd er skipuð af formanni FL og fimm fulltrúum félagsfólks sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skulu tveir fulltrúar kosnir það ár sem formaður FL er kosinn, en hinir þrír hitt árið. Nefndin starfar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar, sem staðfestar eru af stjórn FL.

#### **16.2** Laganefnd.

Laganefnd er skipuð af þremur fulltrúum félagsfólks sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skal einn fulltrúi kosinn það ár sem formaður FL er kosinn, en hinir tveir hitt árið. Nefndin starfar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar, sem staðfestar eru af stjórn FL.

#### **16.3** Siða- og samskiptanefnd.

Siða- og samskiptanefnd er skipuð af tveimur fulltrúum félagsfólks sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skal einn fulltrúi kosinn það ár sem formaður FL er kosinn,

en hinn hitt árið. Nefndin starfar samkvæmt starfsreglum nefndarinnar, sem staðfestar eru af stjórn FL.

#### **16.4 Samninganefnd.**

Sjá VI. kafla samninganefndir.

## **X. KAFLI. ÚRSÖGN**

### **17 GREIN**

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og taka gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst félaginu. Úrsögn skal þó ekki taka gildi ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá vinnuveitanda viðkomandi félagsmanns eða á meðan á vinnustöðvun stendur. Fagaðilar halda réttindum meðan þeir greiða árgjald fyrir eindaga. Lífeyrisþegar eru undanþegnir félagsgjöldum en halda réttindum sem fagaðilar út ævina. Stjórn félagsins getur vikið aðila úr félaginu hafi hann að hennar dómi misnotað nafn félagsins í þágu eigin hagsmuna, orðið sekur um meiriháttar brot eða ítrekuðum gegn lögum félagsins, samþykktum eða hagsmunum.

## **XI. KAFLI. LAGABREYTINGAR**

### **18 GREIN**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga, frá laganefnd FL og/eða félagsfólki, þurfa að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. febrúar ár hvert. Til að tillaga um lagabreytingar teljist samþykkt, þarf hún að hafa hlotið einfaldan meirihluta greiddra atkvæða.

## **XII. KAFLI. GILDISTAKA**

### **19 GREIN**

Lagabreytingar gerðar á aðalfundi FL 17. apríl 2026 öðlast þegar gildi.